



Rannsóknasjóður



Háskólinn  
á Akureyri  
University  
of Akureyri

# Samfélag án aðgreiningar?

---

Viðhorf innflytjenda á Íslandi til símenntunar og  
íslenskunámskeiða 2018



© Ómar Hjalti Sölvason og Markus Hermann Meckl

Samfélag án aðgreiningar?

Viðhorf innflytjenda á Íslandi til símenntunar og íslenskunámskeiða 2018

Háskólinn á Akureyri 2019

Þetta verkefni, nr. 184903-051, er unnið með styrk frá Rannsóknasjóði.

## Efnisyfirlit

Skrá yfir töflur .....	ii
Skrá yfir myndir .....	iii
Samantekt .....	1
Inngangur .....	2
Söfnun gagna.....	3
Niðurstöður.....	5
Bakgrunnur þátttakenda .....	5
Íslenskukunnátta.....	7
Íslenskunámskeið og viðhorf til þeirra .....	10
Aðgengi .....	10
Ánægja með íslenskunámskeið .....	12
Lokaorð .....	15
Heimildaskrá .....	16

## Skrá yfir töflur

Tafla 1. Þátttakendur eftir landshlutum fjöldi og hlutfall (%).....	4
Tafla 2. Uppruni þátttakenda fjöldi og hlutfall (%).....	5
Tafla 3. Aldursdreifing þátttakenda.....	6
Tafla 4. Lengd búsetu á Íslandi.....	6
Tafla 5. Meðaltal á breytunni „Íslenskukunnátta eftir nokkrum bakgrunnspáttum.....	9
Tafla 6. Mat þátttakenda á aðgengi að íslenskunámskeiðum eftir landsvæðum.....	10
Tafla 7. Meðaltal á breytunni "aðgengi að íslenskunámskeiðum" eftir nokkrum bakgrunnspáttum.....	11
Tafla 8. Ánægja með íslenskunámskeið eftir landshlutum.....	12
Tafla 9. Ánægja með íslenskunámskeið eftir menntun þátttakenda.....	13
Tafla 10. Meðaltal á breytunni "ánægja með íslenskunámskeið" eftir nokkrum bakgrunnspáttum.....	14

## Skrá yfir myndir

Mynd 1. Kynjaskipting þátttakenda. ....	6
Mynd 2. Fjöldi sótra íslenskunámskeiða í % . ....	7
Mynd 3. Íslenskukunnátta (sjálfsmat) samanlagt í %.....	7
Mynd 4. Íslenskukunnátta (sjálfsmat) þátttakenda eftir kyni. ....	8
Mynd 5. Ánægja þátttakenda með aðgengi að íslenskunámskeiðum í þeirra heimabyggð. ....	10
Mynd 6. Heildarhlutfall (%) á breytunni "ánægja með íslenskunámskeið".....	12

## Samantekt

Spurningakönnun um aðlögun innflytjenda á Íslandi „*How is your life in Iceland?*“ var gerð haustið 2018. Þátttakendur voru 2211 á aldrinum 18-80 ára, eða rétt um 5% innflytjenda sem áætlað er að búsettir séu á Íslandi. Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri hafði yfirumsjón með gagnaöfluninni en notast var við rafrænan spurningalista og snjóboltaúrtak við val á þátttakendum.

Konur voru í meirihluta þátttakenda, eða 66,5% á móti 33,5% karla. Flestir þátttakendur voru á aldrinum 26 – 40 ára (58,5%) en fæstir á aldrinum 67 – 80 ára (0,5%). Þá hafði meirihluti þátttakenda (69%) búið á Íslandi í þrjú ár eða lengur.

Yfir 80% þátttakenda höfðu sótt einhver íslenskunámskeið en yfir 50% þátttakenda höfðu sótt eitt til þrjú slík námskeið.

Þátttakendur voru beðnir um að leggja mat á íslenskukunnáttu sína en um helmingur þeirra metur íslenskukunnáttu sína slaka eða telur að þeir hafi ekki náð tökum á því að tala íslensku. Munur var á milli kynja og töldu 35% kvenna sig geta talað mjög góða íslensku (altalandi og mjög góð að tala íslensku). Á sama tíma voru tæp 20% karla sem töldu íslenskukunnáttu sína álíka góða. Ríflega 57% karla og 40% kvenna töldu svo íslensku-kunnáttu sína vera slaka (tala ekki íslensku og frekar slök í að tala íslensku). Lág fylgni var á milli þess hversu mörg íslenskunámskeið viðkomandi hafði tekið og hversu vel sá hinn sami taldi sig geta talað íslensku.

Þegar þátttakendur voru spurðir út í aðgengi að íslenskunámi, þá voru rétt um 58% ánægðir með aðgengi að íslenskunámskeiðum í sinni heimabyggð. Rétt tæplega 21% taldi aðgengi að íslenskunámskeiðum í sinni heimabyggð vera ábótavant.

Að lokum voru þátttakendur spurðir út í ánægju með þau íslenskunámskeið sem þeir hafa setið. Þar sögðust 25% þátttakenda vera ánægðir með þau íslenskunámskeið sem þeir hafi sótt, en um 59% voru óánægðir. Ekki var tölfræðilega marktækur munur á afstöðu þátttakenda til íslenskunámskeiða þegar breytur aldur, búseta og menntun voru skoðuð. Hins vegar var tölfræðilega marktækur munur var á svörum þátttakenda eftir kyni, þar sem að konur voru óánægðari með íslenskunámskeiðin heldur en karlar.

## Inngangur

Í upphafi árs 2018 hleypti Háskólinn á Akureyri af stökkunum rannsóknarverkefninu „*Samfélög án aðgreiningar? Aðlögun innflytjenda á Íslandi*“. Verkefnið er leitt af Háskólanum á Akureyri en einnig koma tíu samstarfsaðilar og sérfræðingar frá öðrum háskólum og stofnunum að verkefninu. Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar er Markus Hermann Meckl prófessor við Háskólann á Akureyri. Rannsóknarverkefnið fékk styrk frá Rannsóknasjóði (nr. 184903-051) vorið 2018 til þess að hægt væri að framkvæma könnunina.

Rannsóknin miðaði að því að bera saman aðlögunarmynstur innflytjenda í sveitarfélögum víðs vegar um landið en segja má að hún marki ákveðin tímamót í rannsóknum á innflytjendamálum á Íslandi. Fáar jafn viðamiklar rannsóknir á málefnum innflytjenda hafa verið gerðar hérlendis og svörun gekk vonum frammar. Markmið könnunarinnar var að fá innsýn í stöðu innflytjenda í íslensku samfélagi og var áhersla lögð á þætti er varða tungumál, atvinnu, menntun, menningu og hamingju. Jafnhliða því var einnig gerð könnun á viðhorfum Íslendinga til fjölmenningar og innflytjenda. Tólf sveitarfélög og svæði voru skoðuð sérstaklega þar sem að þau uppfylltu skilyrði rannsóknarinnar um fjölda búsettra innflytjenda á svæðinu.

Þegar kom að gagnasöfnun meðal innflytjenda var strax í upphafi ákveðið að vera í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar og tungumálaskóla með starfsemi á svæðunum tólf. Ekki er annað hægt að segja, en að það samstarf hafi gengið vel þar sem okkur var víðast hvar tekið vel. Er það von okkar að fræðarindi þetta muni verða upplýsandi um stöðu tungumálanámskeiða og jafnframt koma að gagni til framtíðar, þegar kemur að skipulagningu tungumálanáms innflytjenda á Íslandi.

Niðurstöður verða birtar í eftirfarandi röð; söfnun gagna, bakgrunnur þátttakenda, sjálfsmat á færni í íslensku, ánægja með aðgengi að íslenskunámi og svo ánægja með þau íslenskunámskeið sem viðkomandi hefur setið.

## Söfnun gagna

Könnunin var framkvæmd af Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri og öll meðferð gagna var í samræmi við almennar kröfur um megindlegar rannsóknir. Gagnaöflun fór fram haustið 2018 og var í formi rafrænnar spurningakönnunar sem aðgengileg var á sjö tungumálum og innihélt 39 númeraðar spurningar. Könnunina var hægt að taka í gegnum tölvu, spjaldtölvur og snjallsíma. Fyrir fram hafði verið ákveðið að notast við snjóboltaúrtak og að símenntunarmiðstöðvar myndu gegna þar lykilhlutverki við að koma snjóboltanum af stað. Þegar slík úrtaksaðferð er notuð, þá er fyrst valinn hópur einstaklinga sem fellur að úrtakslýsingunni. Því næst er bætt við fleiri einstaklingum, gjarnan með þeim hætti að þeir sem fyrst var talað við benda á aðra til að taka þátt. Þannig stækkar úrtakshópurinn jafnt og þétt eins og snjóbolti sem rúllað er áfram. Þessi aðferð hefur þótt góð og árangursrík þegar könnuð eru viðkvæm málefni eða ef um er að ræða hóp sem erfitt er að ná til með hefðbundnari úrtaksaðferðum (Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson, 2013;124). Snjóboltaúrtak skilar hins vegar ekki slembiúrtaki og hentar að því leyti ekki vel til að draga ályktanir um stærðir í þýði. Ekki er þó vandkvæðum bundið að nota slík úrtök til að draga ályktanir um tengsl milli breyta í þýði (Atkinson og Flint, 2001).

Mikilvægt er að þeir aðilar sem koma að því að ýta snjóboltanum af stað hafi góða tengingu við úrtakshópinn og því þóttu símenntunarmiðstöðvar henta vel sem upphafspunktur. Alls komu þrettán símenntunarmiðstöðvar og málaskólar að söfnun gagna. Helstu skilyrði voru að viðkomandi símenntunarmiðstöð eða tungumálaskóli væri með þjónustu á þeim svæðum sem sérstaklega voru til skoðunar. Þátttakendur voru; Austurbrú, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Fræðslunetið – Símenntun á Suðurlandi, Fullorðinsfræðslan – Iceschool, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Mímir, Múltíkultí, Námsflokkar Hafnarfjarðar, Retor – Fræðsla, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Símenntunarmiðstöð Vesturlands, The Tin Can Factory og Viska Vestmannaeyjum. En auk símenntunarmiðstöðva og tungumálaskóla komu félagasamtök, stofnanir og einstaklingar að verkefninu á seinni stigum.

Miðað var við skilgreiningu Hagstofu Íslands á því hver teldist innflytjandi: „*Innflytjandi er einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra sem einnig eru fæddir erlendis, svo og báðir afar hans og báðar ömmur*“ (Hagstofa Íslands, 2018). Símenntunarmiðstöðvar fengu frjálssar hendur um það hvernig fyrstu hóparnir í úrtakinu

voru valdir, svo lengi sem viðkomandi félli að áðurnefndri skilgreiningu á hugtakinu innflytjandi.

Könnunin hófst í byrjun október og lauk í byrjun desember eftir að hafa staðið í 10 vikur. Alls svöruðu 2211 könnuninni og þar af gáfu 2146 upp póstnúmer eða tilgreindu hvar þeir væru búsettir á landinu. Af þessum 2146 svörum þá komu 1092 svör frá sveitarfélögunum tólf sem voru til sérstakrar skoðunar. Sé einungis miðað við svörun fyrstu tvær vikur gagnasöfnunarinnar, þá má áætla að um fjórðungur svara hafi komið fyrir tilstuðlan símenntunarmiðstöðva og tungumálaskóla. Önnur svör komu í gegnum herferðir á lokuðum hópum innflytjenda á Facebook og með hjálp ýmissa félagasamtaka. Ágætlega gekk að fá svör í flestum landshlutum, þó var áberandi hæst hlutfall þátttakenda frá höfuðborgarsvæðinu. Þar munar miklu um svörun í gegnum samfélagsmiðla, en farið var í slíka herferð á seinni stigum könnunarinnar. Rétt rúmlega helmingur svarenda er búsettur á höfuðborgarsvæðinu og er það nokkuð í takt við það sem búist var við í upphafi rannsóknarinnar. Til að skipta upp „höfuðborgarsvæðinu“, þá var farið eftir skilgreiningu af vef Sambands íslenskra sveitarfélaga (samband.is) og svæðinu skipt upp í „Reykjavík“ og svo „Reykjavíkur nágrenni“. Þau svæði sem falla undir „Reykjavíkur nágrenni“ eru Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes.

Tafla 1. Þátttakendur eftir landshlutum fjöldi og hlutfall (%).

Svæði	Fjöldi	Hlutfall (%)
Reykjavík	806	37,6
Reykjavíkur nágrenni*	348	16,2
Suðurnes	263	12,3
Vesturland	163	7,6
Vestfirðir	75	3,5
Norðurland	223	10,4
Austurland	51	2,4
Suðurland	217	10,1
Alls	2146	100,0

\* Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes

## Niðurstöður

Eftirfarandi niðurstöður byggja á þeim meginlegum gögnum sem söfnuðust haustið 2018 í rannsóknarverkefningu „Samfélög án aðgreiningar? Aðlögun innflytjenda á Íslandi“. Samkvæmt lögum númer 90/2018 um persónuvernd er ekki leyfilegt að láta afhendi eða birta niðurstöður sem mögulega persónugreina einstaklinga. Því er ekki hægt að birta niðurstöður þar sem með einhverjum hætti er hægt að auðkenna einstaka fyrirtæki, bæjarfélög eða persónur. Hins vegar geta niðurstöður mögulega gefið okkur vísbendingar um upplifun eftir búsetusvæðum.


### Bakgrunnur þátttakenda

Auk almennra bakgrunnsspurninga um aldur, kyn, menntun, búsetu og atvinnu voru einnig ítarlegri spurningar er sneru að fjölda íslenskunámskeiða, búsetulengd og í hvaða heimshluta viðkomandi er fæddur. Í þessum kafla verður farið yfir nokkrar af þessum bakgrunnsspurningum og þær settar í samhengi við efnisspurningar.

Tafla 2. Uppruni þátttakenda fjöldi og hlutfall (%).

Svæði	Fjöldi	Hlutfall (%)
Mið- eða A. Evrópu	1440	65
Norðurlöndunum, V. Evrópu eða N. Ameríku	483	22
Asíu	140	6,5
Afríku	40	2
S. Ameríku	27	1
Mið- Ameríku	7	0,5
Annarsstaðar	67	3

Til þess að varðveita trúnað við þátttakendur í könnuninni, þá var ekki spurt um þjóðerni beint heldur var viðkomandi aðeins beðinn um að tilgreina frá hvaða svæðum eða heimsálfum hann kæmi frá. Gefnir voru fimm mögulegir svarkostir; Suður Ameríka, Mið- Ameríka, Afríka, Asía, Mið- eða Austur Evrópa og svo Vestur Evrópa, Norður Ameríka eða Norðurlöndin. Út frá fyrirliggjandi gögnum, bæði frá Hagstofu Íslands og Fjölmenningarsetri, er þessi niðurstaða nokkuð í takt við áætlaðan uppruna innflytjenda almennt og gefur því vísbendingu um að gagnasafnið sé lýsandi fyrir þýðið í heild. Innflytjendur frá Evrópu og Norðurlöndunum hafa verið fjölmennastir á Íslandi undanfarin ár og því næst koma innflytjendur frá Asíu (Hagstofa Íslands, 2018; Rúnar Helgi Haraldsson, 2017).



Konur voru í meirihluta svarenda eða um 2/3 þeirra sem gáfu upp kyn. Er það talsvert frá því að endurspegla kynjahlutfall innflytjenda á Íslandi, þar sem að karlkyns innflytjendur hafa jafnan verið fleiri (Hagstofa Íslands, 2018<sup>b</sup>).

Mynd 1. Kynjaskipting þátttakenda.

Aldursskipting þátttakenda er nokkuð í takt við tölur Hagstofu Íslands sem sýna svipaða aldursskiptingu hjá innflytjendum á Íslandi. Flestir þátttakendur eru við neðra miðmark, 26 - 40 ára, og fæstir við efsta mark, 67 – 80 ára. Vegna þess hve fáir voru í efsta aldursbili, þá voru efstu tveir aldursflokkarnir sameinaðir í töflum. Upprunalegu aldursskiptinguna má þó skoða í töflu 3 hér að neðan.

Tafla 3. Aldursdreifing þátttakenda.

Aldur	Karlur		Konur		Allir	
	Fjöldi	Hlutfall (%)	Fjöldi	Hlutfall (%)	Fjöldi	Hlutfall (%)
18 - 25 ára	81	11	193	13,2	275	12,5
26 - 40 ára	430	58	854	58,5	1286	58,5
41 - 66 ára	218	30	407	28	628	28,5
67 - 80 ára	5	1	5	0,3	10	0,5
Samtals	734	100	1459	100	2193	100,0


Þátttakendur voru spurðir að því hversu lengi þeir hefðu búið á Íslandi og flestir þeirra höfðu búið á landinu í þrjú ár eða lengur (69%). Nánar má skoða búsetulengd í töflu 4.

Tafla 4. Lengd búsetu á Íslandi.

Búsetulengd á Íslandi	Fjöldi	Hlutfall (%)
Mínna en 1 ár	209	10
1-2 ár	465	21
3-5 ár	486	22
6-10 ár	407	19
11-20 ár	532	24
Lengur en 20 ár	93	4


### Íslenskukunnátta

Yfir 80% þátttakenda höfðu sótt einhver íslenskunámskeið. Þar sem um opna spurningu var að ræða, þá voru svör flokkuð í fjóra hópa; þá sem höfðu engin námskeið sótt, þá



Mynd 2. Fjöldi söttra íslenskunámskeiða í %.


sem sótt höfðu 1-3 námskeið, þá sem höfðu sótt 4-6 námskeið og svo þá sem sótt höfðu 7 námskeið eða fleiri. Alls svöruðu 2121 spurningunni en þar af sögðu 43 ekki muna hversu mörg námskeið þeir hafi sótt.



Mynd 3. Íslenskukunnátta (sjálfsmat) samanlagt í %.

Þátttakendur voru beðnir um að meta íslenskukunnáttu sína út frá fimm punkta kvarða. Nálægt 46% þeirra sem svöruðu spurningunni (2192) mátu það sem svo að þeir væru annaðhvort „frekar slakir“ í að tala íslensku eða töluðu hana ekki.

Þegar mat þátttakenda á íslenskukunnáttu er skoðað, þá kemur í ljós að það er tölfræðilega marktækur munur á milli kynja,  $t(2182) = 9,00, p < 0,05$ . Breytan



Mynd 4. Íslenskukunnátta (sjálfsmat) þátttakenda eftir kyni.

„Íslenskukunnátta“ var mæld á fimm punkta kvarða, þar sem 1 er *Tala ekki íslensku* og 5 er *Altalandi*. Er meðaltal kvenna, miðað við þennan kvarða, 2,96 á meðan meðaltal karla er 2,49. Á mynd 4 má sjá muninn á sjálfsmati kynjanna til eigin íslenskukunnáttu. Einnig var marktækur munur á íslenskukunnáttu þátttakenda eftir aldri  $F(2, 2177) = 201,1, p = <0,001$  og búsetu  $F(7, 2119) = 7,37, p = <0,001$ . Hæsta meðalskor í sjálfsmatinu var á Austurlandi (3,25) en lægst á Suðurnesjum (2,61). Athyglisvert er að lág fylgni er á milli fjölda sótttra námskeiða og svo hversu vel þátttakendur töldu sig hafa náð tökum á íslensku. Fylgni milli fjölda sótttra námskeiða og íslenskukunnáttu var reiknuð  $r_s = 0,301$  ( $p < 0,01$ ). Á blaðsíðu níu má finna töflu sem ber saman meðaltöl mismunandi bakgrunnspátta við breytuna „íslenskukunnátta“.

*Samfélög án aðgreiningar?  
Aðlögun innflytjenda á Íslandi*

Tafla 5. Meðaltal á breytunni „Íslenskukunnátta eftir nokkrum bakgrunnspáttum.

	Hópur	Fjöldi	Meðaltal	ÖB 95%	Marktektarpróf
Kyn	Allir	2184	2,8	2,75 - 2,85	
	Karl	731	2,49	2,41 – 2,56	<0,001 <sup>1</sup>
	Kona	1453	2,96	2,90 – 3,01	
Aldur	18 - 25 ára	274	2,59	2,44 – 2,74	<0,001 <sup>2</sup>
	26 - 40 ára	1279	2,72	2,66 – 2,78	
	41 - 67 ára	627	3,05	2,96 – 3,14	
Búseta	Reykjavík	801	2,74	2,65 – 2,82	<0,001 <sup>2</sup>
	Reykjavíkur nágrenni*	346	2,91	2,79 – 3,03	
	Suðurnes	259	2,61	2,46 – 2,76	
	Vesturland	160	2,78	2,61 – 2,94	
	Vestfirðir	73	2,88	2,64 – 3,11	
	Norðurland	220	3,20	3,05 – 3,36	
	Austurland	51	3,25	2,93 – 3,58	
	Suðurland	214	2,66	2,50 – 2,83	
Fjöldi íslenskunámskeiða	Engin	383	2,20	2,06 – 2,34	<0,001 <sup>2</sup>
	1 – 3	1134	2,72	2,66 – 2,78	
	4 – 6	423	3,27	3,18 – 3,35	
	7 eða fleiri	130	3,58	3,42 – 3,75	


<sup>1</sup> t-próf tveggja óháðra úrtaka; <sup>2</sup> einhliða dreifigreining

\* Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes

## Íslenskunámskeið og viðhorf til þeirra

### Aðgengi

Þátttakendur voru spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með aðgengi að íslenskunámskeiðum í sinni heimabyggð og má sjá niðurstöðurnar á mynd 5.



Mynd 5. Ánægja þátttakenda með aðgengi að íslenskunámskeiðum í þeirra heimabyggð.

Rétt um 58% voru sáttir (mjög eða frekar ánægð(ir)) með aðgengi að íslenskunámskeiðum í sinni heimabyggð. Rétt tæplega 21% taldi aðgengi að íslenskunámskeiðum í sinni heimabyggð vera ábótavant (frekar og mjög óánægð(ir)).

Tafla 6. Mat þátttakenda á aðgengi að íslenskunámskeiðum eftir landsvæðum.

Landshluti	Ánægð(ir)	Hvorki ánægð(ir) né óánægð(ir)		Alls
		óánægð(ir)	Óánægðir	
Reykjavík	63%	21%	16%	100%
Reykjavíkur nágrenni*	58%	22%	20%	100%
Suðurnes	60%	20%	20%	100%
Vesturland	42%	27%	31%	100%
Vestfirðir	53%	18%	29%	100%
Norðurland	56%	18%	26%	100%
Austurland	58%	18%	24%	100%
Suðurland	49%	23%	28%	100%
Meðaltal	58%	21%	21%	100%

\* Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes

Í töflu 6. sést mat þátttakenda á aðgengi að íslenskunámskeiðum milli landssvæða.

*Samfélög án aðgreiningar?  
Aðlögun innflytjenda á Íslandi*

Tafla 7. Meðaltal á breytunni "aðgengi að íslenskunámskeiðum" eftir nokkrum bakgrunnspáttum.

	Hópur	Fjöldi	Meðaltal	ÖB 95%	Marktektarpróf
Kyn	Allir	2149	2,49	2,44 - 2,54	
	Karl	717	2,49	2,40 – 2,57	0,980 <sup>1</sup>
	Kona	1432	2,49	2,43 – 2,55	
Aldur	18 - 25 ára	270	2,51	2,36 – 2,66	0,682 <sup>2</sup>
	26 - 40 ára	1260	2,50	2,44 – 2,57	
	41 árs og eldri	614	2,45	2,36 – 2,55	
Búseta	Reykjavík	785	2,34	2,26 – 2,41	<0,001 <sup>2</sup>
	Reykjavíkur nágrenni*	339	2,44	2,32 – 2,57	
	Suðurnes	257	2,41	2,27 – 2,55	
	Vesturland	159	2,94	2,73 – 3,15	
	Vestfirðir	72	2,71	2,42 – 3,00	
	Norðurland	216	2,57	2,40 – 2,74	
	Austurland	51	2,49	2,16 – 2,82	
	Suðurland	213	2,70	2,53 – 2,87	
	Fjöldi íslenskunámskeiða	Engin	377	2,76	
1 - 3		1114	2,43	2,36 – 2,50	
4 - 6		421	2,39	2,28 – 2,50	
7 eða fleiri		129	2,37	2,16 – 2,58	


<sup>1</sup> t-próf tveggja óháðra úrtaka; <sup>2</sup> einhliða dreifigreining.

\* Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes

Í töflu 7 er hægt að skoða niðurstöðu tölfraeðiprófa á breytunni „aðgengi að íslenskunámskeiðum“ eftir bakgrunni þátttakenda.

### Ánægja með íslenskunámskeið

Þátttakendur voru beðnir um að leggja mat á gæði þeirra íslenskunámskeiða sem þeir höfðu sótt og svöruðu 1754 spurningunni. Þegar heildarsvörun er skoðuð kemur í ljós að 25% þátttakenda segjast vera ánægðir með þau íslenskunámskeið sem þeir hafi sótt. Það eru þeir sem sögðust vera „mjög ánægð(ir)“ (150) og „frekar ánægð(ir)“ (292). Um 59% segjast vera óánægðir, en þar eru taldir saman þeir sem segjast vera „frekar óánægð(ir)“ (689) og þeir sem eru „mjög óánægð(ir)“ (350).



Mynd 6. Heildarhlutfall (%) á breytunni "ánægja með íslenskunámskeið".

Ekki var tölfræðilega marktækur munur með tilliti til aldurs, búsetu, menntunar þegar ánægjuviðhorf til íslenskunámskeiða voru skoðuð. Í töflu 8 má sjá niðurstöður eftir búsetusvæðum.

Tafla 8. Ánægja með íslenskunámskeið eftir landshlutum.

Landshluti	Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)			Samtals
	Ánægð(ur)	óánægð(ur)	Óánægð(ur)	
Reykjavík <sup>1</sup>	25%	14%	61%	100%
Reykjavíkur nágrenni <sup>1</sup> *	24%	16%	60%	100%
Suðurnes <sup>1</sup>	21%	20%	59%	100%
Vesturland <sup>1</sup>	25%	15%	60%	100%
Vestfirðir <sup>1</sup>	27%	11%	62%	100%
Norðurland <sup>1</sup>	28%	12%	60%	100%
Austurland <sup>1</sup>	29%	20%	51%	100%
Suðurland <sup>1</sup>	25%	19%	56%	100%
Meðaltal	25%	16%	59%	100%

<sup>1</sup>Ath, ekki er tölfræðilega marktækur munur á milli svæða miðað við 95% öryggismörk.

\* Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes

Hins vegar var tölfræðilega marktækur munur var á svörum karla og kvenna þegar ánægju viðhorf til íslenskunámskeiða voru skoðuð,  $t(1747) = -2,76, p = <0,01$ .

Karlar voru aðeins ánægðari með íslenskunámskeiðin heldur en konur en eins og sjá má í töflu 9 hér að neðan, þá er munurinn samt ekki mikill.

Tafla 9. Ánægja með íslenskunámskeið eftir kyni.

Kyn	Ánægðir	Hvorki ánægðir né óánægðir		Samtals
		óánægðir	Óánægðir	
Karlar	28%	18%	54%	100%
Konur	24%	14%	62%	100%
Meðaltal	25%	16%	59%	100%

*Samfélög án aðgreiningar?  
Aðlögun innflytjenda á Íslandi*

Tafla 10. Meðaltal á breytunni "ánægja með íslenskunámskeið" eftir nokkrum bakgrunnspáttum.

	Hópur	Fjöldi	Meðaltal	ÖB 95%	Marktektarpróf
Kyn	Allir	1749	3,46	3,40 – 3,51	
	Karl	537	3,34	3,23 – 3,44	0,006 <sup>1</sup>
Aldur	Kona	1212	3,51	3,44 – 3,58	
	18 - 25 ára	148	3,61	3,42 – 3,80	
	26 - 40 ára	1043	3,44	3,37 – 3,52	0,282 <sup>2</sup>
	41 árs og eldri	553	3,44	3,34 – 3,54	
Búseta	Reykjavík	642	3,45	3,35 – 3,54	0,925 <sup>2</sup>
	Reykjavíkur nágrenni*	285	3,51	3,36 – 3,65	
	Suðurnes	185	3,54	3,37 – 3,71	
	Vesturland	137	3,47	3,25 – 3,68	
	Vestfirðir	64	3,55	3,24 – 3,86	
	Norðurland	199	3,40	3,24 – 3,56	
	Austurland	41	3,37	2,99 – 3,74	
	Suðurland	150	3,43	3,23 – 3,63	
Fjöldi íslenskunámskeiða	1 - 3	1113	3,43	3,36 – 3,50	0,183 <sup>2</sup>
	4 - 6	423	3,47	3,35 – 3,58	
	7 eða fleiri	130	3,64	3,44 – 3,84	
Menntun	Grunnskólapróf	134	3,39	3,18 – 3,59	<0,062 <sup>2</sup>
	Iðnnám	206	3,53	3,37 – 3,69	
	Stúdentspróf	520	3,55	3,45 – 3,65	
	Háskólanám	882	3,45	3,30 – 3,47	

<sup>1</sup> t-próf tveggja óháðra úrtaka; <sup>2</sup> einhliða dreifigreining.

\* Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes

## Lokaorð

Í skýrslu þessari voru teknar saman helstu niðurstöður er sneru að íslenskunámi þátttakenda í spurningakönnuninni „*How is your life in Iceland?*“, sem gerð var meðal innflytjenda haustið 2018. Niðurstöður benda til þess að hátt í helmingur þátttakenda telur íslenskukunnáttu sína slaka. Þá var lág fylgni á milli þess hversu vel þátttakendur töldu sig geta talað íslensku og hversu mörg íslenskunámskeið viðkomandi hafði sótt. Í niðurstöðum kemur einnig fram að meirihluti þátttakenda voru ánægðir með framboð og aðgengi að íslenskunámi í sinni heimabyggð. Að lokum kemur fram að stór meirihluti þátttakenda er ekki ánægður með þau íslenskunámskeið sem þeir hafa sótt. Þær niðurstöður eiga við á öllum þeim svæðum sem hér voru til rannsóknar. Er það ákveðið áhyggjuefni og gefur tilefni til frekari rannsókna á stöðu íslenskunámskeiða fyrir innflytjendur á Íslandi.

## Heimildaskrá

- Atkinson, R. og Flint, J. (2001). *Accessing hidden and hard-to-reach populations: Snowball research strategies*. Sótt 3. mars 2019 af <http://sru.soc.surrey.ac.uk/SRU33.PDF>
- Hagstofa Íslands. (2018). *Innflytjendum heldur áfram að fjölga*. Sótt 4. mars 2019 af [https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-ef-tir-bakgrunni-2018/Lög\\_um\\_persónuvernd\\_og\\_vinnslu\\_persónuupplýsinga\\_nr.\\_90/2018](https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-ef-tir-bakgrunni-2018/Lög_um_persónuvernd_og_vinnslu_persónuupplýsinga_nr._90/2018).
- Hagstofa Íslands. (2018). *Íbúar fæddir erlendis eftir bakgrunni, kyni og fæðingarlandi 1996-2018*. Sótt 3. mars 2019 af [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_\\_mann\\_fjoldi\\_\\_3\\_bakgrunnur\\_\\_Uppruni/MAN43000.px/table/tableViewLayout1/?rxid=4a461b4b-1fdd-48a7-8f20-2229ff3fbf83](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mann_fjoldi__3_bakgrunnur__Uppruni/MAN43000.px/table/tableViewLayout1/?rxid=4a461b4b-1fdd-48a7-8f20-2229ff3fbf83)
- Rúnar Helgi Haraldsson. (2017). *Tölfræðilegar upplýsingar um erlenda ríkisborgara og innflytjendur á Íslandi 2016*. Sótt 21. febrúar 2019 af <http://old.mcc.is/media/frettir/to%CC%88lfraedisky%CC%81rsla-2017-endanleg-og-uppsett.pdf>
- Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson. (2013). Úrtök og úrtaksaðferðir í meginlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls.113-129). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.